

8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og aðrar umbúðir. 137
 9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip. 22. okt.
 10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

138

28. okt.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún, nr. 130 12. júlí 1939.

1. gr.

Í staðinn fyrir „lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest“ í staflið a. í 14. gr. II. reglugerðarinnar komi: lestargjald 20 aura af hverri nettó smálest.

2. gr.

Fyrri málsgrein stafliðs c. í 14. gr. II. orðist svo:

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi 4 krónur af hverri smálest.
2. Af timbri 8 aura af teningsfeti.
3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 6 krónur af hverri smálest.
4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 4 krónur af smálest.
5. Af útfluttum ísfiski 3 krónur af smálest.
6. Af öðrum útfluttum vörum 6 krónur af smálest.

3. gr.

Upphaf 17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld þau, sem um getur í 14. gr., greiði eigandi eða umboðsmaður hans á Þórshöfn, o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1946.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.